

Föstudaginn 20. júní 1980.

Nr. 178/1978. **Ákærvaldið**

(Bragi Steinarsson, settur vara-
ríkissaksóknari)

gegn

Guðmundi Ómari Friðleifssyni

(Gunnlaugur Þórðarson hrl.).

Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum og áfengislögum.
Ítrekun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörns-
son, Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Logi Einars-
son og Þór Vilhjálmsson.

I.

Lögreglumennirnir, er handtóku ákærða 19. september 1976, Baldvin Kr. Baldvinsson lögregluvarðstjóri og Klemens Sigurgeirsson héraðslögreglumaður, komu fyrir sakadóm
Þingeyjarsýslu og Húsavíkur hinn 29. maí 1979. Voru þeim
kynntar lögregluskýrsla og varðstjóraskýrsla frá 19. septem-
ber 1976, og skýrðu þeir frá atvikum í samræmi við skýrsl-
urnar. Varða þær aðdraganda að því, að ákærði var hand-
tekinn og færður til blóðtöku, og geyma varðstjórayerfir-
heyrslu yfir honum af því tilefni. Vitnið Klemens telur vega-
lengdina, sem ákærði ók, áður en hann stöðvaði bifreið sína,
vera „um 2 kílómetra“, en vitnið Baldvin giskar á, að hún
hafi verið „1.5—2 kílómetrar“. Þeir skýra svo frá, að vegur-
inn, sem ákærði ók, hafi eingöngu verið notaður og lagður
vegna virkjunar við Kröflu og hafi eigi náð lengra en upp
að svonefndu „Sjálfskaparvíti“. Þeir segja, að vegur þessi sé
„einkavegur“. Þeim ber saman um, að vegalengdin til Húsa-
víkur, þar sem ákærða var tekið blóð, sé um 60 km. Vitnið
Baldvin kveður sig hafa „fundið áfengisþef“ af ákærða, er
hann tók að ræða við hann, eftir að ákærði stöðvaði bifreið
sína.

Fyrir héraðsdóm var lagt fram vottorð, ódagsett, undirritað af þeim Héðni Ágústssyni og Sveinbirni Eiðssyni. Er það eigi rakið í héraðsdómi, en þar segir svo:

„Aðfaranótt hins 19/9 '76, laust upp úr miðnætti, bið ég, Héðinn Ágústsson, borstjóri á gufubor, Sveinbjörn Eiðsson, starfsmann við borinn, að skreppa niður í Kröflubúðir og finna annan hvorn jarðfræðinginn fyrir mig og biðja hann að skjótast upp á bor.

Kemur Sveinbjörn skilaboðum til Guðmundar Friðleifssonar, sem kemur skömmu síðar, en dvelur við borinn í u. þ. b. stundarfjórðung. Af gefnu tilefni viljum við taka fram, að við sáum engin merki um áfengisáhrif á Guðmundi“.

Vottorðsgjafar staðfestu vottorð sitt í sakadómi Reykjavíkur hinn 5. júní 1979.

Svo sem fram kemur í vottorðinu, var ákærði, sem vann að jarðfræðistörfum á Kröflusvæðinu, kvaddur af starfsnauðsynjum upp að borholu, þar sem vitnin unnu. Vitnið Sveinbjörn kveður „það hafa verið tilviljun, að hann náði í ákærða, þar sem jarðfræðingar voru ekki á sérstökum vöktum“. Vitnið Héðinn kveður sig minna, að hann hafi „beðið Sveinbjörn að skila því til jarðfræðingsins að koma strax og að þetta væri áriðandi“. Vitnið segir vinnusvæðið hafa verið afgirt „og almenningi meinaður aðgangur“.

II.

Með úrskurði Hæstaréttar 14. júní 1979 (dómasafn þ. á., bls. 646) var mælt fyrir um öflun nokkurra tilgreindra gagna.

Með bréfi ríkissaksóknara 26. september 1979 til prófessors, dr. med. Þorkels Jóhannessonar er þess óskað, að hann veiti f. h. Rannsóknastofu í lyfjafræði „svo ítarleg svör og upplýsingar sem kostur er við þeim spurningum, er greinir í 1.—5. tölulið, sbr. 8. tölulið . . .“ framangreinds úrskurðar Hæstaréttar.

Hinn 19. október 1979 svarar prófessor Þorkell bréfi þessu.

II.1. Í 1. tölulið úrskurðarins var spurt, hvort fleiri en ein könnun á blóðsýni X5/1976, sem talið er tekið úr ákærða 19. september 1976, hafi verið framkvæmd, og ef svo sé,

hver niðurstaða einstakra kannana hafi þá orðið. Svar hans er, að fleiri en ein könnun hafi verið framkvæmd. Af fylgiskjali, sem til er vísað, má ráða, að tvær kannanir hafi átt sér stað. Sýnir önnur 0.66‰ vínandamagn, en hin síðari 0.60‰ í blóði því, sem rannsakað var. Er meðaltal fært til bókar sem 0.63‰, og er það vínandamagn lagt til grundvallar í hinum áfrýjaða dómi.

II.2. Í 2. tölulið úrskurðarins er óskað lýsingar á aðferð þeirri, sem nú er notuð við ákvörðun á vínandamagni í blóðsýni á Rannsóknastofu í lyfjafræði, og samanburðar á henni og aðferð þeirri, sem notuð var á Rannsóknastofu Jóns Steffensen, svo og hvernig mælingarskekkjur horfa við samkvæmt hvorri aðferðinni um sig, og sé þá einnig tekið tillit til annarra reducerandi efna í blóðinu, sbr. dómasafn Hæstaréttar 1965, bls. 933, og 1966, bls. 2. Svar prófessors Þorkels er þetta:

„Aðferð þessari hefur verið ítarlega lýst í ritgerð: Ákvarðanir á alkóhóli (etanóli) í blóði eftir Jóhannes Skaftason og Þorkel Jóhannesson (Tímarit lögfræðinga 1975, 25, 5—17) . . . Aðferð þessi er að stofni til eins og gasgreiningaraðferð sú, sem notuð er í Statens retstoksikologiske institutt í Oslo. Aðferð þessi hefur í Rannsóknastofu í lyfjafræði ekki verið borin saman við aðferð Widmarks, sem notuð var í Rannsóknastofu Jóns Steffensens. Hún var hinsvegar með góðum árangri borin saman við ADH-aðferð þá, er áður var notuð í Rannsóknastofunni við ákvarðanir á alkóhóli í líksýnum. Um samanburð á aðferð Widmarks og gasgreiningu eru nákvæmar heimildir fáskrúðugar . . .“ Í þessu sambandi vísar prófessorinn til bréfs frá norsku rannsóknastofnuninni frá 15. október 1979, en þar segir, að eigi hafi verið framkvæmdur slíkur samanburður á þessum aðferðum, að unnt sé að leggja hann fram. Fyrst hafi verið horfið frá Widmarks aðferð og tekin upp ADH-aðferð og síðar svo gasgreiningaraðferð. Hafi yngri aðferð í báðum tilvikum verið í fyrstu notuð til samanburðar við hina eldri og nýrri aðferð ekki tekin upp, fyrr en sýnt hafi verið með samanburðarkönnunum, að hún væri tryggileg.

II.3. Í 3. tölulið úrskurðar Hæstaréttar er spurt um það, hve mörg ‰ v  anda    bl   i manns þurfi „a  draga fr   þv   v  andamagni, sem ranns  kn lei  i    lj  s, til þess a    rugglega s   fundi   það v  andamagn, sem stafar af   fengisneyslu, og s   þ   m. a. teki   tillit til venjulegrar m  lingarskekkju?“

Svar pr  fessors Þorkels er þetta:

„   3.—6. l  nu      gripi ritger  ar þeirra J  hannesar Skaftasonar og Þorkels J  hannessonar (þ. e.    T  mariti l  gfr   inga 1975, sbr.     ur) segir: „Kostir þessarar a fer  ar er miki   n  mi (allt a  30 nan  g af etan  li) og mikil h  fni til sundurgreiningar    n  skyldum efnum og enn fremur, a    nnur efni trufla ekki   kvar  anir    etan  li me   a fer   þessari“. Samkv  mt þessu er fr  dr  ttur, sem    t  luli  num r   ir,   parfur. Um m  lingarskekkju, sbr. 5. t  luli      eftir“.

II.4.    4. t  luli     rskur  ar H  star  ttar er sett fram þessi spurning: „Ef viss ‰ þarf a  draga fr   v  andamagni samkv  mt 3. spurningu,    þ   a  draga fr   me  altali ranns  knar  rlausna e   l  gstu ‰, sem fundist hefur vi   ranns  knina, til þess a    rugg   rlausn f  ist?“

Svar pr  fessors Þorkels er þetta: „Ef um fr  dr  tt er a  r   a, sbr. 3. t  luli      undan, hl  tur a  vera dregi   fr   me  altalsgildi.“

II.5.    5. t  luli      framangreindum   rskur  i segir svo: „V  andamagn    bl   s  ni X5/1976 er tali   0.63‰. Hve m  rg ‰ v  andamagns voru   rugglega    bl   i   k  r  a, þegar teki   er tillit til allra atri  a, sem til greina koma   k  r  a    hag?“

Svar pr  fessors Þorkels er þetta:

„   6.—9. l  nu      gripi ritger  ar þeirra J  hannesar Skaftasonar og Þorkels J  hannessonar (sbr.     ur) segir . . . : „Ef þ  ttni   k  h  ls (etan  ls)    bl   i er meiri en 1‰, eru v  km  rk fr   mi  t  lugildi mest 10%. Ef þ  ttni   k  h  ls    bl   i er 1‰ e   minni, er venja a  telja v  km  rk fr   mi  t  lugildi 0,10‰.“ H  r skal enn fremur v  sa  til ni  urlags kaflans um a fer  arl  singu       urnefndri ritger  . Samkv  mt þessu eru v  km  rk fr   0,63‰ ± 0,10‰ og v  ri þ     k  r  a fremur    hag a  reikna $0,63‰ \div 0,10‰ = 0,53‰$ en $0,63‰ + 0,10‰ = 0,73‰$.“

II.6.    8. t  luli     rskur  ar H  star  ttar er   ska  , a  greint

sé „annað það, er könnun á þeim efnum, sem að framan greinir, gefur tilefni til“. Í svari prófessors Þorkels vegna þessa tölulíðs vísar hann til tveggja fylgiskjala, er Jóhannes Skaftason lyfjafraeðingur hefur undirritað og greind verða hér á eftir.

II.7. Í fyrra fylgiskjalinu, sem til er vitnað í framangreindu svari við 8. tölulíð, segir svo:

„Meðferð blóðsýna og þvagsýna, er koma til ákvörðunar á alkóhóli í Rannsóknastofu í lyfjafraði.

Sýni koma ýmist boðsend eða með ábyrgðarpósti. Að jafnaði taka starfsmenn Rannsóknastofunnar við sýnunum. Náist ekki til starfsmanns, veitir húsvörður Háskóla Íslands sýnunum viðtöku. Mótteknum sýnum er strax komið í geymslu í kælskáp og þau geymd, þar til þau eru tekin til rannsóknar.

Alkóhólakvarðanir fara jafnan fram tvo fyrstu virku daga hverrar viku“.

II.8. Síðara fylgiskjalið er svohljóðandi:

„RANNSÓKNASTOFA Í LYFJAFRÆÐI

Framkvæmd alkóhólakvarðana í blóði og þvagi.

Sýnum þeim, er borist hafa, er raðað upp og sýni frá Reykjavík höfð fremst í númeraröð og þau tekin fyrst.

Athugað er, hvort númer á umslagi um sýni og númer á glasi sé hið sama. Athugað er, hvort beiðnir, er fylgja sýnum, séu í samræmi við merkingar á sýnaglösum.

Samanburðarlausnir (venjulega 4) eru blandaðar með þynnivökva, sem er 0,4% n-própanól leyst í vatni (3 þynningar af hverri). Sýni eru blönduð með þynnivökva (3 þynningar af hverju), þynningarnar númeraðar jafnóðum og númer skráð á vinnublað. Sýnum er síðan komið til gasgreiningar, eftir að þau hafa verið látin standa í eina klst.

Fyrst eru samanburðarlausnirnar teknar og fengin gasgreinigrof af þeim og reiknilína fundin. Sýnaþynningar eru síðan teknar til gasgreiningar og fengið eitt gasgreinigraf af hverju sýni (þ. e. a. s. að fengið er graf af þriðju hverri þynningu). Skráð er á gasgreinigrafið númer viðkomandi þynningar. Samanburðarlausnir eru teknar inn á milli sýnanna og reiknilínan endurmetin (í reynd staðfest).

Síðan er farin önnur umferð með sýnaþynningar (ekki þær sömu og áður) og samanburðarlausnir og gasgreinigröf fengin. Þess er þannig gætt, að reiknilínan sé jafnan endurmetin milli þess, að tvær þynningar sama sýnis eru ákvarðaðar.

Þá eru topphæðir mældar og áfengismagn sýna reiknað út og niðurstöður færðar í dagbók alkóhólákvarðana. Sé ástæða talin til, er þriðja umferð farin.

Niðurstöðutölur ákvarðana, sem skráðar eru í dagbók alkóhólákvarðana Rannsóknastofu í lyfjafræði, eru síðan færðar inn á vottorðaeýðublöð. Útreikningar niðurstöðutalna eru síðan yfirfarnir, vinnublöð athuguð og kannað, hvort vottorð sé í samræmi við dagbók.

Vottorð eru síðan send viðkomandi embættum.“

III.

Ríkissaksóknari ritaði sakadómi Reykjavíkur bréf hinn 26. september 1979 og óskaði þess, „að til úrlausnar þeirra atriða, er greinir í 6. og 7., sbr. 8. tölulið úrskurðarins (þ. e. framangreinds úrskurðar Hæstaréttar), verði dómkvaddir þeir óvilhallir og sérfróðir kunnáttumenn til þess að:

- 1) Gera „sérfræðilega könnun á gögnum um blóðsýni það, er tekið var úr ákærða, og úrvinnslu og mati í því sambandi.“
- 2) Láta uppi og í té „sérfræðilega greinargerð um það, hve miklu vínandamagni ætla meg, að ákærði hafi brennt þær 100 mínútur, sem liðu frá því að hann var handtekinn kl. 01:35 19. september 1976, uns honum var tekið blóð kl. 03:15 sama dag“.
- 3) Að í skýrslu hinna dómkvöddu manna komi fram „ann-að það, er könnun á þeim efnum, sem að framan greinir, gefur tilefni til“.

Hinn 24. október 1979 dómkvaddi yfirsakadómarinn í Reykjavík þessa þrjá menn „til að leysa af hendi störf þau, sem í beiðni ríkissaksóknara greinir“: Davíð Davíðsson prófessor, dr. Matthías Kjeld lækni og Aðalstein Emilsson líf-

fræðing. Álitsgerð þeirra er dagsett 29. maí 1980, og er hún svohljóðandi:

„Þann 23. jan. 1980 heimsóttu undirritaðir rannsóknastofu í lyfjafræði Háskóla Íslands til að skoða starfshætti, tækjabúnað og kynna sér rannsóknaraðferð þá, er notuð hefur verið undanfarið við ákvörðun á etanoli. Aðferðinni, gasgreiningu á súlu, hafa starfsmenn rannsóknastofunnar lýst í tímaritsgrein (Skaftason, J. og Jóhannesson, Þ.: (1975) Tímarit lögfræðinga 25, 5—17) og hefur hún verið framkvæmd í samræmi við þá lýsingu.

Þann 31. jan. 1980 skoðaði A. E. nánar gögn varðandi sýni X5/1976 frá lögreglunni á Húsavík, þ. e. vinnuseðil aðstoðarmanns (fsk. 1), gasgreinigröf (fsk. 2) og dagbók alcoholákvarðana (fsk. 3). Merkingar sýnis X5/1976 á þessum vinnugögnum voru bornar saman og toppar á gasgreinigröfum þeirra tveggja mælinga, er gerðar voru á sýni X5/1976, mældir. Toppar etanolstaðla þessa dags (27. sept. 1976) voru einnig mældir. Útreikningar A. E. sýndu etanolmagn sýnis X5/1976 vera 0,65‰ (0,63‰ — 0,67‰).

Til að gera tölfræðilega könnun á mælingum, sem liggja að baki uppgefnum alcoholákvörðunum, voru teknar fyrir mælingar skráðar 29. mars 1976, 24. ágúst 1976, 28. sept. 1976 og 9. nóv. 1976, en sýni X5/1976 var fært í dagbók 28. sept. 1976. Við samanburð á 1. og 2. mælingu virtist tilviljun ráða, hvor mælingin reyndist hærri. Aftur á móti var greinilegt, að staðalfrávik mælinga, sem liggja að baki niðurstöðum, hafði tilhneigingu til að stækka með hækkandi niðurstöðu. Af þessum sökum voru reiknuð staðalfrávik fyrir 36 tvímælingar á bilinu 0,25‰ — 1,00‰, og reyndist staðalfrávik meðaltals (S. E. M.) vera 0,019‰, en 48 tvímælingar á bilinu 1,01‰ — 2,00‰ höfðu staðalfrávik meðaltals 0,039‰.

Þar sem mat á staðalfrávikum byggir á takmörkuðum fjölda mælinga, voru reiknuð 99% efri vikmörk (confidence limits) fyrir staðalfrávik og þau notuð við gerð eftirfarandi töflu:

A	B	C
$p < 0,1\%$	0,58	1,36

A	B	C
$p < 1,0\%$	0,56	1,32
$p < 5,0\%$	0,54	1,28

Dálkur A gefur hámarkslíkindi á, að blóð með etanolinnihaldi minna en $0,50\%$ ($1,20\%$) ákvarðist jafnt eða hærra en gildin í dálki B (dálki C), ef ákvarðanir byggjast á tveim mælingum. Þannig má gera ráð fyrir, að það gerist sjaldnar en í eitt skipti af 1000, að blóð með etanolinnihaldi minna en $0,50\%$ ákvarðist $0,58\%$ eða meira og sjaldnar en í eitt skipti af 100, að blóð með etanolinnihaldi minna en $1,20\%$ ákvarðist $1,32\%$ eða meira.

Þess má geta, að rannsókn á fleiri mælingum gæti hugsanlega leitt til lægri viðmiðunarmarka en þeirra, sem sýnd eru í töflunni að ofan.

2. Blóðgildi etanols ræðst af tveim þáttum aðallega, ef undan er skilið magn þess etanols, sem drukkið er, 1) frásogshraða úr maga og tæmingarhraða magans, 2) oxunarhraða í lifur.

Fyrri þátturinn er t. d. háður rúmtaki vökvans, sem drukkin er, og íblöndunarefnum, fæðuinnihaldi magans og einstaklingsbundinni starfsemi magans. Með hliðsjón af þessum óvissuþáttum má reikna með, að etanol frásogist fullkomlega úr maga á 2—6 klst. Frásog í görn er mjög hratt og ekki háð fæðuinnihaldi í görn eða maga. Niðurbrotshraðinn (oxunarhraðinn) er stöðugur, þ. e. ekki háður þéttni etanols í blóði. Að meðaltali minnkar blóðþéttni etanols um $0,18\%$ ($0,10\%$ — $0,25\%$) á klst. í fólki, þar sem frásogi er lokið eftir drykkju (þ. e. ekkert nýtt alkoholmagn berst inn í líkamann). Mætti þannig áætla blóðþéttni á ákveðnum tímum af einni blóðmælingu. Þar sem ekki eru til upplýsingar um þyngd einstaklinga né fæðutöku með drykkju, verða reikningar þessir óáreiðanlegir. (Aðalheimild: The pharmacological Basis of Therapeutics, 1975 5th edition (eds. L. S. Goodman og A. Gilman), MacMillan Publishing Company, New York).

Í tilfelli því, sem fyrir liggur, verður ekki fullyrt um, að

frásogi hafi verið lokað, og teljum við því vafasamt að framreikna blóðþéttni etanols með framangreindum aðferðum.

3.a. Gasgreining á súlu er hentug aðferð til að þáttgreina og magngreina rokgjörn efnasambönd og er notuð víða til ákvörðunar á etanoli (Jain, N. C. og Cravey, R. H. (1972) *Journal of Chromatographic Science* 10, 263—267). Almenn er aðferðin fljótvirk, næm, sérhæf og nákvæmni er viðunandi. Gasgreining á súlu er því eðlilegur kostur til ákvörðunar á etanoli.

b. 4% natrium fluorið er bætt í sýnatökuglas til varnar segamyndun og vexti örvera (bæði etanolmyndandi og eyðandi). Breytingar á sýni vegna geymslu og flutninga eiga því ekki að vera sakborningi í óhag. (Brown, G. A., Neylan, D., Reynolds, W. J. og Smalldon, K. W. (1973) *Analytica Chimica Acta* 66, 271—283).

c. Eins og að framan getur, voru kannaðar merkingar í vinnugögnum rannsóknastofunnar, en augljóst er, að við höfum engin tæk á að kanna réttmæti fyrstu merkingar við blóðtökuna né aðra meðhöndlun sýnis þá. Auðvelt virðist að skapa aukið öryggi með því að t. d. skipta blóðsýni við blóðtöku í þrjú innsiglið glös, sammerkt, eitt til alkohol-ákvörðunar sent til rannsóknastofu í lyfjafræði H. Í., eitt til varðveislu löggæslunnar og eitt til afhendingar þeim, sem blóð er tekið úr.

d. Eins og áður getur, byggir tölfræðileg könnun okkar einvörðungu á mælingum 4 daga á sama ári og lýsir eingöngu nákvæmni samtímis tvímælinga. Við getum ekkert fullyrt um sveiflur á mælingagildum, sem kunna að vera frá einu tímabili til annars.“

IV.

Hinn 8. júní 1980 komu hinir dómkvöddu menn fyrir sakadóm Reykjavíkur. Endurrit úr sakadómsbók er á þessa leið, eftir að bókun lýkur um, að vitnin séu „brýnd á vitna-skyldu og ábyrgð:“

„Vitnunum er afhent til skoðunar dskj. nr. 2. Þau stað-

festa, að þau hafi samið álitsgerðina og gert það eftir bestu vitund.

Vitnin gerðu álitsgerð þá, sem þau hafa nú staðfest, samkvæmt dómkvaðningu sakadóms Reykjavíkur. Beðið var um úrlausnir vitnanna á 6. og 7., sbr. 8. tl. úrskurðar Hæstaréttar Íslands í málinu nr. 178/1978. Því reyndist nauðsynlegt að gera tölfraðilega könnun á mælingum þess dags, er sýni X5/1976 var efnagreint, og til samanburðar tölfraðilega könnun á þremur öðrum dögum á mismunandi árstíma.

Dómarinn telur rétt að leggja spurningar fyrir vitnin. Með samþykki verjanda og vararíkissaksóknara eru spurn-ingarnar lagðar fyrir vitnin samtímis.

1. spurning: Er það rétt skilið, að samkvæmt álitsgerð ykkar komi fram, að framangreind könnun mælinga hjá Rannsóknastofu í lyfjafraði leiði eftirfarandi í ljós?

a) Gera má ráð fyrir, að það gerist sjaldnar en í eitt skipti af 1000, að blóð með etanolinnihaldi minna en 0,50% ákvarðist 0,58% eða meira og sjaldnar en í eitt skipti af 1000 að blóð með etanolinnihaldi minna en 1,20% ákvarðist 1,36% eða meira.

b) Gera má ráð fyrir, að það gerist sjaldnar en í eitt skipti af 100, að blóð með etanolinnihaldi minna en 0,50% ákvarðist 0,56% eða meira og sjaldnar en í eitt skipti af 100, að blóð með etanolinnihaldi minna en 1,20% ákvarðist 1,32% eða meira.

c) Gera má ráð fyrir, að það gerist sjaldnar en í fimm skipti af hundraði, að blóð með etanolinnihaldi minna en 0,50% ákvarðist 0,54% eða meira og sjaldnar en í fimm skipti af hundraði, að blóð með etanolinnihaldi minna en 1,20% ákvarðist 1,28% eða meira. Svar: Já.

2. spurning: Hafið þið allir séð frumgögn Rannsóknastofu í lyfjafraði varðandi sýni X5/1976?

Svar: Já.

3. spurning: Útreikningar Aðalsteins Emilssonar sýndu etanolmagn sýnis X5/1976 vera 0,65% (0,63% — 0,67%). Gögn rannsóknastofunnar sýndu etanolmagn sama sýnis

vera 0,63‰ (0,60‰ — 0,66‰). Hver er skýringin á þessum mun?

Svar: Þessi mismunur rúmast innan skekkjumarka aðferðar þeirrar, sem notuð er við etanolákvörðunina.

Samkvæmt ósk vararikissaksóknara eru eftirfarandi spurningar lagðar fyrir vitnin:

1. Þarf til viðbótar þeim vikmörkum, sem í álitsgerð ykkar getur, þegar viðhöfð er sú aðferð til alkoholákvörðunar, er hér um ræðir, að taka tillit til annarra reducerandi efna í blóðinu, er numið geta 0,03‰, sbr. úrskurð Læknaráðs nr. 6/1960?

Svar: Nei.

2. Ber að miða þau vikmörk, er í álitsgerð ykkar getur, frá meðaltali rannsóknanna eða lægstu ‰, sem fundist hafa við rannsóknina, til þess að „örugg“ úrlausn fáið?

Svar: Miða ber við meðaltal.

Samkvæmt ósk verjanda eru eftirfarandi spurningar lagðar fyrir vitnin:

1. Er ekki hæpið að miða við meðaltalstölu, þegar aðeins tvær athuganir eru gerðar?

Svar: Nei.

2. Er ekki meira öryggi að viðhafðar séu fjórar rannsóknir í stað tveggja, þegar mörkin eru jafnlítill og hér um ræðir?

Svar: Álitsgerð okkar byggist á því, að gerðar séu tvímælingar og vikmörk reiknuð samkvæmt því. Vikmörk þrengjast, ef fleiri mælingar eru gerðar.

3. Eru ekki jafnmiklar líkur til þess, að 0,60‰ hefðu komið upp tvisvar í rannsókn eins og einu sinni?

Dómarinn telur ekki ástæðu til að leggja þessa spurningu fyrir vitnin.

4. Byggðust kannanir ykkar, sem hér um ræðir, á frumgögnum?

Svar: Já, það á bæði við um sýni X5/1976 og etanolstaðla þess dags.

5. Geta matsmenn gefið upp í millimetrum eða broti úr

millimeter langdarmismun á „toppum“ 0,62‰ áfengismagns og 0,63‰ áfengismagns?

Dómarinn telur ekki ástæðu til að leggja þessa spurningu fyrir vitnin“.

V.

Hinn 9. júní 1980 kom dr. Þorkell Jóhannesson prófessor fyrir sakadóm Reykjavíkur. Er efni skýrslu hans svohljóðandi:

„Vitninu er nú afhent skjal þingmerkt nr. 2 (bréf vitnisins til rikissaksóknara 19. október 1979). Vitnið staðfestir, að það hafi samið skjalið og gert það eftir bestu vitund.

Dómarinn óskar að taka fram, að hann kom ljósriti af dskj. nr. 3 (álitsgerð dómkvaddra manna, sbr. III að framan) á heimili vitnisins s.l. laugardag.

Vitnið óskar að gera eftirfarandi athugasemd varðandi dskj. nr. 3:

„Ég gagnrýni þá aðferð, sem þremmenningarnir viðhafa á mati vikmarka frá alkóhólpéttni 1,20‰, og áskil mér eða samstarfsmanni mínum Jóhannesi Skaftasyni lektor, sem er forstöðumaður alkóhóldeildar Rannsóknastofu í lyfjafræði, að gera rikissaksóknara skriflega grein fyrir athugasemdum mínum að þessu lútandi“.

Spurning dómarans: Hefur vitnið nokkuð að athuga við álit þremmenninganna á vikmörkum varðandi neðri alkóhól-mörk (0,50‰)?

Svar: Að svo komnu máli, nei.

2. spurning: Þarf til viðbótar þeim vikmörkum, sem í bréfi yðar getur, þegar viðhöfð er sú aðferð til alkóhólákvörðunar, er hér um ræðir, að taka tillit til annarra reducerandi efna í blóðinu, er numið geta 0,03‰, sbr. úrskurð Læknaráðs nr. 6/1960?

Svar: Nei, og vísar vitnið til 3. tl. í bréfi þess frá 19/10 1979.

3. spurning: Er enn til staðar hugsanleg mælingarskekkja vegna storkumyndunar í blóðsýnum, sbr. bréf rannsóknastofunnar, dags. 28. nóvember 1972, á bls. 13—18 í ágripi I?

Svar: Vitnið telur, að þessi hættu sé ekki lengur til staðar.

4. spurning: Telur vitnið ekki til bóta, að tekin séu fleiri blóðsýni en eitt úr fólki, sem grunað er um ölvun við akstur, í því skyni að tryggja frekara öryggi?

Svar: Jú, ég tel það mjög til bóta, og ennfremur tel ég, að í sumum tilvikum sé mjög æskilegt að taka einnig þvag-sýni. Það á einkum við, ef mæling á alkóhóli í útöndunar-lofti er nærri 0,50‰ mörkunum eða ætla meg, að hlutað-eigandi hafi viljað villa um drykkju sína.

Spurning verjanda: Telst það ekki til aukins öryggis, þegar mæling reynist nærri mörkum 0,62‰ og 0,63‰, að gerðar séu fleiri en tvær mælingar?

Svar: Segja má, að því meiri munur, sem er á niðurstöðu-tölum samstæðra mælinga á alkóhólmagni á sama sýni, því fleiri mælinga sé þörf.

Spurning verjanda: Telst mismunur 0,60‰ mælinga og 0,66‰ samstæðra mælinga mikill?

Svar: Ég vísa til svars við síðustu spurningu, en bendi jafnframt á, að einstök mælingagildi tveggja samhliða mælinga í því tilviki, sem um er spurt, er þannig farið, að réttlæt看legt gæti verið, að samhliða mælingar hefðu verið fleiri en tvær.

Spurning dómara: Útreikningar Aðalsteins Emilssonar sýndu etanólmagn sýnis X5/1976 vera 0,65‰ (0,63‰ — 0,67‰). Gögn rannsóknastofunnar sýndu etanólmagn sama sýnis vera 0,63‰ (0,60‰ — 0,66‰). Hver er skýringin á þessum mun?

Svar: a) Mismunur þessi rúmast innan skekkjumarka aðferðarinnar. b) Gildið 0,65‰ er fundið með reikniaðferð, sem ekki var tiltæk haustið 1976. Starfsmenn rannsóknastofunnar hafa með þessari nýju reikniaðferð fundið gildið 0,65‰ eins og Aðalsteinn Emilsson.“

VI.

Í framburði dr. Þorkels Jóhannessonar í sakadómi Reykjavíkur 9. júní 1980, sbr. V. hér að framan, getur hann þess, að vænta meg, skriflegra athugasemda sinna eða samstarfs-

manns síns, Jóhannesar Skaftasonar lektors, um aðferð þá, er hinir dómkvöddu matsmenn „viðhafa á mati vikmarka frá alkóhólpéttni 1,20%“. Fyrir Hæstarétt hefur verið lagt bréf 10. júní 1980, undirritað af Jóhannesi Skaftasyni, er að þessu lýtur, og segir svo í því:

„Þorkell Jóhannesson prófessor fól undirrituðum Jóhannesi F. Skaftasyni, deildarstjóra alkóhóldeildar Rannsóknastofu í lyfjafræði, að rita umsögn um þann þátt álitsgerðarinnar, er snertir tölfræðilega könnun á mælingum og útreikning vikmarka, og fer hún hér á eftir:

Í álitsgerðinni er beitt velþekktri aðferð, sem gjarnan er notuð við mat á niðurstöðutölum rannsókna, en eins og segir í álitsgerðinni: „Aftur á móti var greinilegt, að staðalfrávik mælinga, sem liggja að baki niðurstöðum, hafði tilhneigingu til að stækka með hækkandi niðurstöðu“. Þetta er vel þekkt staðreynd um niðurstöðu mælinga með gasgreiningu, og af þeim sökum er aðferð sú, sem getur í álitsgerðinni, einungis notuð með sérstakri varúð, þegar henni er beitt á niðurstöðutölur gasgreiningar, en yfirleitt er reiknað með hlutfallslegu staðalfrávik (relative standard deviation eða coefficient of variation), og er það sú aðferð, er við viljum mæla með.

Sé aðferð sú notuð, er um getur í álitsgerðinni, þarf að gæta þess að velja tvímælingar á bili umhverfis hvort markgildi (0,50% og 1,20%), þannig að markgildið verði í þungamiðju bólsins. Ennfremur að bilið sé það þröngt, að reiknað staðalfrávik meðaltals tvímælinganna verði talið fullnægjandi sem staðalfrávik markgildisins.

Skoðun okkar er, að markgildin séu of fjarri miðju bila þeirra, er valin voru í álitsgerðinni (fyrir 0,50% var bilið 0,25% — 1,00%, og fyrir 1,20% var bilið 1,01% — 2,00%) og bilin of stór (meira en tvöföldun á staðalfrávik frá fyrri bili til hins síðara), til að staðalfrávik meðaltalanna, sem reiknuð voru, verði talin fullnægjandi sem staðalfrávik markgildanna.

Á grundvelli þeirra upplýsinga, er fram koma í álitsgerðinni, gerum við því eftirfarandi athugasemd:

Með tilliti til lagalegs mikilvægis markgildanna 0,50‰ og 1,20‰ teljum við, að ekki hafi verið beitt nógu nákvæmri aðferð við staðtölulega útreikninga og ákvörðun vikmarka.“

VII.

Samkvæmt sérfræðigögnum þeim, sem fyrir liggja, þykir vera komin fram lögfull sönnun fyrir því, að áfengismagn í blóði ákærða hinn 19. september 1976 hafi farið fram yfir lágmark það, sem um getur í 3. málsg. 25. gr. umferðarlaga nr. 40/1968. Samkvæmt sakargögnum er sannað, að ákærði ók bifreið í þetta skipti. Ákærði hefur því gerst sekur um háttsemi, er varðar við 2., sbr. 3. mgr. 25. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 og 24. gr. áfengislaga nr. 82/1969. Ber að ákvarða refsingu ákærða samkvæmt 80. gr. laga nr. 40/1968, sbr. lög nr. 54/1976, 1. gr. og 45. gr. laga nr. 82/1969, en 5. gr. laga nr. 52/1978 verður eigi beitt, sbr. 2. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Brot ákærða er ítrekað, sbr. dómsátt 23. október 1974. Í henni er greint, að nefnd ákvörðun hafi ítrekunaráhrif, sbr. 112. gr. laga nr. 74/1974, sbr. lög nr. 23/1976, 1. gr. Af hálfu ákærvalds er krafist staðfestingar hins áfrýjaða dóms, og með vísan til þess þykir mega láta sitja við refsíákvörðun héraðsdómara, þó svo, að vararefsing verði 7 daga varðhald, ef sektin verður eigi goldin innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa. Ákvæði héraðsdóms um ökuleyfissviptingu og um sakarkostnað eiga að vera óröskuð.

Dæma ber ákærða til að greiða allan kostnað af áfrýjun sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 250.000 krónur, og málsvarnarlaun verjanda hans, 250.000 krónur.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður, þó svo, að vararefsing verði 7 daga varðhald, ef sektin verður eigi goldin innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði, Guðmundur Ómar Friðleifsson, greiði allan kostnað af áfrýjun sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 250.000 krónur, og málsvarnarlaun verj-

anda síns, Gunnlaugs Þórðarsonar hæstaréttarlögmanns, 250.000 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 22. febrúar 1978.

Ár 1978, miðvikudaginn 22. febrúar, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Jóni A. Ólafssyni sakadómar, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 73/1978: Ákærvaldið gegn Guðmundi Ómari Friðleifssyni, sem tekið var til dóms 20. f. m.

1. Málið var höfðað með ákæru ríkissaksóknara, dagsettri 16. nóvember sl., gegn ákærða, Guðmundi Ómari Friðleifssyni jarðfræðingi, Kleifarvegi 8, Reykjavík, fæddum þar í borg 12. júní 1950, fyrir að aka aðfaranótt sunnudagsins 19. september 1976 undir áhrifum áfengis bifreiðinni A 3828 frá Kröflubúðum að gufubor í Leirbotnum við Kröflu og áleiðis til baka, en á þeirri leið hafði lögreglan afskipti af honum.

Telst þetta varða við 2. mgr., sbr. 3. mgr. 25. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. lög nr. 54/1976, og 1. mgr. 24. gr., sbr. 45. gr. áfengislaga nr. 82/1969.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til öku-leyfissviptingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

2. Í skýrslu lögreglunnar á Húsavík, undirritaðri af Baldvin K. Baldvinssyni varðstjóra, segir, að sunnudaginn 19. september 1976 hafi hann ásamt héraðslögreglumanni nr. 11 verið við lög-gæslu við Kröflubúðir. Klukkan 0135 voru löggæslumennirnir staddir við „Sjálfskaparvíti“ og veittu þá athygli bifreið, sem ekið var upp á hæðina skammt fyrir neðan þá og stöðvuð við vegarbrún. Skýrslugjafinn ók að bifreiðinni, þar sem hann hélt, að hinn ökumaðurinn vildi ræða við sig, enda hafði hann farið út úr sinni bifreið. Reyndist ákærði vera þarna á ferð, og þar sem áfengisþefur var af honum, var hann látinn blása í áfengis-skynjara, sem sýndi 3. stig. Ákærði var því fluttur til blóðtöku á Húsavík. Samkvæmt vottorði Guðmundar Óskarssonar læknis var ákærða tekið blóð kl. 0315, eða 100 mínútum eftir að lög-reglan hóf afskipti af honum.

Ofangreindur varðstjóri tók einnig af ákærða venjulega skýrslu varðstjóra um meinta ölvun við akstur. Hófst yfirheyrslan kl. 0135. Ákærði kvaðst hafa ekið bifreiðinni A 3828 úr „Kröflu-

búðum“ að gufubor í Leirbotnum við Kröflu og hafa lagt af stað skömmu áður. Aðspurður um áfengisneyslu kvaðst hann hafa drukkið „sirka einn einfaldan sjúss af ísbrjót í búðunum kl. um 0030“. Ekki kvaðst ákærði hafa fundið til áfengisáhrifa við aksturinn. Í þeim hluta skýrslunnar, sem fjallar um „Útlit og önnur einkenni“, segir, að nokkur áfengisþefur hafi verið af andardrætti ákærða. Framburður hans var greinargóður, jafnvægi stöðugt, málfar skýrt, andlit þrútið og augu „Dauf, Rauð“.

7. september sl. gaf ákærði skýrslu um málavexti í dómnum. Ákærði skýrði svo frá, að hann hefði aðfaranótt 19. september 1976 ekið bifreiðinni A 3828 frá Kröflubúðum að gufubor í Leirbotnum við Kröflu. Ákærði var að aka sömu leið til baka og var staddur nálægt borholu, sem kallast „Sjálfskaparvíti“, þegar hann mætti annarri bifreið. Að sögn ákærða var vegaslóðinn þarna mjög þröngur. Þess vegna stöðvaði ákærði sína bifreið og beið eftir hinni, sem í voru lögreglumenn. Þeir stöðvuðu hjá bifreið ákærða og höfðu tal af honum. Í framhaldi af því var ákærði sakaður um áfengis- og umferðarlagabrot. „Kl. 2300 og 2400“ drakk ákærði úr einu glasi af áfengi, sem í var „ca einfaldur sjúss af ísbrjót“. Ákærði kvaðst hafa verið genginn til náða, þegar hann var kallaður til vinnu. Ekki kvaðst ákærði hafa fundið til nokkurra áfengisáhrifa við aksturinn.

Magn alkóhóls í blóðsýni því, sem ákærða var tekið, reyndist samkvæmt vottorði Rannsóknastofu í lyfjafræði, dagsettu 29. september 1976, 0.63‰.

3. Samkvæmt sakavottorði ákærða, dagsettu 9. nóvember sl., hefur hann sætt kærnum og refsingum sem hér greinir:

1974 23/10 Hafnarfirði: Sátt, 8.000 kr. sekt fyrir brot gegn 2., sbr. 3. mgr. 25. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga. Sviptur ökuleyfi í 3 mánuði frá 23/10 1973.

4. Af hálfu verjanda ákærða, dr. juris Gunnlaugs Þórðarsonar hæstaréttarlögmanns, hefur því verið haldið fram, að þær mælingaraðferðir, sem tíðkast hafa hér undanfarin ár, séu eigi lögmætar og öruggar. Er því til að svara, að 25. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 (upphaflega sama grein umferðarlaga nr. 26/1958) lögleiðir enga sérstaka mælingaraðferð við ákvörðun á alkóhólmagni í blóði ökumanns, sem grunaður er um akstur undir áhrifum áfengis. Þar af leiðir, að dómurinn verður að líta svo á, að gert sé ráð fyrir, að þær mælingaraðferðir, sem viðurkenndar og notaðar eru af sérfræðingum hlutaðeigandi stofnana hverju

sinni, séu samræmanlegar ákvæðinu. Fyrst eftir lögleiðslu ákvæðisins var notuð svokölluð krómsýruaðferð, en sú aðferð var lögð niður 1. september 1972, er Rannsóknastofa próf. Jóns Steffensen hætti alkóhólmælingum og við þeim tók Rannsóknastofa í lyfjafræði við Háskóla Íslands, sem notar við alkóhólakvarðanir gasgreiningu á súlu. Eftir þann tíma hefur dómurinn byggt á hinni nýju aðferð og aðrir dómstólar í ríkinu. Því verður dómurinn að hafna því, að nógildandi mælingaraðferð sé ekki í samræmi við 25. gr. umferðarlaga.

4. Með játningu ákærða á áfengisneyslu, alkóhólgreiningu í blóði og öðrum gögnum málsins er sannað, að ákærði hefur gerst sekur um háttsemi þá, sem í ákæru greinir, og varðar hún við 2. mgr., sbr. 3. mgr. 25. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga nr. 82/1969.

Ákærði hefur því unnið til refsingar samkvæmt 80. gr. umferðarlaga, sbr. lög nr. 54/1976, sbr. 2. gr. og 50. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 5. gr. laga nr. 101/1976, og telst hún hæfilega ákveðin sekt að fjárhæð kr. 120.000 til ríkissjóðs, sem greiðist innan 4 vikna frá uppkvaðningu dómsins, en ella sæti ákærði varðhaldi í 15 daga, sbr. 53. gr. og 54. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 7. gr. laga nr. 101/1976.

Við ákvörðun refsingar er tekið tillit til dómssáttar frá 23. október 1974 og 71. gr. almennra hegningarlaga.

Samkvæmt 81. gr. laga nr. 40/1968 og 1. mgr. 24. gr. laga nr. 82/1969 skal ákærði sviptur ökuréttindum ævilangt frá 16. júní 1977 að telja, en þann dag var hann sviptur ökuréttindum til bráðabirgða.

Að lokum ber samkvæmt 1. mgr. 141. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 74/1974 að dæma ákærða til greiðslu á sakarkostnaði málsins, m. a. á þóknun skipaðs verjanda, dr. juris Gunnlaugs Þórðarsonar hæstaréttarlögmans, að fjárhæð kr. 50.000.

Dómsorð:

Ákærði, Guðmundur Ómar Friðleifsson, greiði sekt að fjárhæð kr. 120.000 til ríkissjóðs innan 4 vikna, ella sæti hann varðhaldi í 15 daga.

Ákærði sæti ökuréttindasviptingu ævilangt frá 16. júní 1977 að telja.

Ákærði greiði sakarkostnaðinn, m. a. þóknun skipaðs verjanda, dr. juris Gunnlaugs Þórðarsonar hæstaréttarlögmans, að fjárhæð kr. 50.000.